

Alþingi  
Erindi nr. p 130/1224  
komudagur 4.3.2004

Austurbergi 5 • 111 Reykjavík • Sími 570 5600 • Símbref 567 0389 • Vefang www.fb.is • Netfang fb@fb.is

---

Breiðholti, 27. febrúar 2004

Menntamálanefnd Alþingis,  
Alþingishúsinu við Austurvöll,  
150 Reykjavík


Umsögn um Tillögu til þingsályktunar um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum, þskj. 12 – 12. mál.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti fagnar framkominni þingsályktunartillögu Björgvins G Sigurðssonar o.fl. um eflingu starfsnáms í framhaldsskólum.

Það er í fullu samræmi við stefnu skólans frá upphafi að leggja áherslu á jafnræði bók- og verknáms. Efling verknámsins hefur verið okkar keppikefli frá fyrstu dögum skólans en þar hefur verið við ramman reip að draga. Fleiri stuttar starfsnámsbrautir eru í sjálfu sér góðra gjalda verðar en í því sambandi verður að benda á nauðsyn þess að atvinnulíflö taki þátt í skipulagningu brautanna. Ekki er síður mikilvægt að yfirlýsingar fylgi frá atvinnulífinu um að nemendur fái réttindi að loknu námi sem sjást í launum. Réttindi án hærri launa hafa engin áhrif á aðsókn nemenda að námi, hafa frekar þveröfug áhrif.

Nauðsynlegt er að allir sem koma að málinu geri sér grein fyrir því að starfsnám er dýrara í rekstri en hreint bóknám og er því endurskoðun reiknilíkansins frumskilyrði til að auka framboð starfsnáms á framhaldsskólastigi.

Virðingarfyllst,

  
Kristín Arnalds, skólameistari